

II. FORMGERVISVERUR OG TÍVAR ELDSINS.

Við skulum nú taka stuttlega til athugunar formgervisverur eldsins og eldtívana, og fjalla síðan um samband persónuleikageislans og þessa innri elds sólkerfisins í þrígreiðri birtingu sinni.

Vissar staðreyndir varðandi eld-andana (ef hægt er að nota það orð) eru þekktar. Grundvallarstaðreyndin, sem hér skiptir mestu máli, er sú að AGNI, eldguðinn, ræður ríkjum yfir öllum formgervisverum eldsins og eldtívunum á hinum þrem sviðum mennskrar þróunar, hinu efnislega, geðræna og hugræna, og hann ræður yfir þeim ekki eingöngu á þessari plánetu, sem nefnd er Jörðin, heldur á öllum þrem sviðunum alls staðar í sólkerfinu. Hann er einn hinna sjö Bræðra (ef við notum hér hugtak sem nemar *The Secret Doctrine* þekkja vel) sem fela í sér eitt hinna sjö framtaka, eða eru sjálfir orkustöðvarnar sjö í líkama hins kosmíska drottins eldsins, sem H.P.B. nefnir „Fóhat“. Hann er hinir virku eldlegu vitsmunir sem eru undirstaða innri elda sólkerfisins. Á hverju sviði ríkir einn þessara bræðra og þrír eldri bræðurnir (því alltaf eru það hinir þrír og síðar hinir sjö sem um síðir renna saman við hina fyrri þrjá) ríkja á fyrsta, þriðja og fimmta sviðinu, eða á sviðum adi, atma(20) og manas (guðlega sviðinu, andlega sviðinu og hugarsviðinu). Áriðandi er að hafa hér hugfast að þeir eru eldur þriðja eðlisþáttarins, *eldur efnisins*. Í heild sinni mynda þessir sjö lávarðar innsta eðli hins kosmíska drottins sem í dulfræðibókum er nefndur Fóhat.(21)

Á sama hátt mynda hinir sjö Chohanar(22), ásamt nemendaheildum sínum, innsta eðli eða orkustöðvar í líkama eins Himnamannsins, eins Plánetulogossins. Þeir sjö mynda síðan innsta eðli Logossins.

Hver þessara sjö lávarða eldsins(23) greinist niður í marga hópa eldvera, allt frá tívalávörðum sviðanna niður til hinna smáu salamandra innri eldsofnanna. Að þessu sinni munum við ekki fjalla um eldlegt eðli æðri sviðanna. Við munum aðeins telja upp í stuttu máli nokkra af þekktari hópunum sem finnanlegir eru í heiminum þrem.

1. *Efnissviðið.*

Salamöndrurnar, hinir smáu formgervisverur elds sem sjá má dansa í öllum eldslogum og sinna arineldum heimilanna og eldum verksmiðjanna. Þær eru af sömu tegund og eld-andarnir sem hægt er að ná sambandi við djúpt í eldsdýki plánetunnar.

Eld-andar sem dyljast í öllum heitum svæðum. Þeir eru í raun sjálft innsta eðli hitans, og eru finnanlegir í líkamshita, bæði manna og dýra, og sömuleiðis í hita jarðarinnar.

Agnichaitanar, eða æðri gerð eld-anda. Þeir mynda iðuhvirfla elds í öllum stærri eldum, svo sem eldgosum og miklum eyðandi brunum. Þeir eru nátengdir enn mikilvægari hópi tíva, þeim sem mynda umlykjandi eldsvið sólarinnar.

Pranísku formgervisverurnar. Þessar örsmáu eldagnir sem hafa þann hæfileika að geta smogið inn í gegnum yfirborð mannlíkama, trés, eða alls sem er að finna í náttúruríkjum jurta, dýra og manna, og blandast eldunum í hinu smáheimslega lífkerfi.

Vissar verur í tívaríkinu sem má lýsa þannig að þær gæði vissa mikla ljósgeisla lífi, og eru sjálfar innsta eðli þessara geisla. Fleiri gerðir slíkra formgervislífa og tívahópa mætti telja upp, en ofangreind upptalning nægir að sinni.

2. *Geðsviðið.*

Það er erfiðara fyrir okkur að gera okkur grein fyrir eldverum þessa sviðs, þar eð við höfum ekki sjónræna skynjun þar enn. Í eðli sínu eru þær varmi og hiti geðlíkamans eða tilfinninganna. Þær eru af lágstæðum flokki þegar þær eru á braut girndar og löngunar, en fylla æðri flokk þegar þær eru á braut andlegra hugsjóna, því að þá umbreytist formgervisveran í tíva.

Þessar verur eru til í mörgum gráðum og hópum, en nöfn þeirra skipta ekki máli nema í einu tilfalli. Það kann að vera áhugavert að þekkja heitið sem notað er um eldtívana er hafa það hlutverk að glæða eldana sem um síðir munu eyða sálarlíkamanum. Við þurfum að hafa það í huga að þegar dulinn eldur efnisins blossar upp og rennur saman við hina eldana tvo þá veldur það eyðingu. Þessar formgervisverur og tívar nefnast *Agnisurjanar*, og í heild sinni mynda þeir innsta eldeðli búddíska-sviðsins, af því leiðir að lægsta raunbirting þeirra er á sjötta sviðinu eða geðsviðinu.

Frekari upplýsingar um þessa tíva er að finna síðar í þessu riti, þar sem fjallað verður um þá nokkuð ýtarlega.

